



Reykjavík, 12. maí 2025
MSS25040170

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga (270. mál)

Með tölvuskeyti, dags. 29. apríl 2025, sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga (270. mál).

Reykjavíkurborg fagnar sem fyrr lagafrumvarpi þessu og þá sérstaklega nýju jöfnunarframlagi vegna höfuðstaðarálags (höfuðstaðarframlag) samkvæmt 6. gr. frumvarpsins sem og að Reykjavíkurborg sé ætlað framlag vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál til jafns við önnur sveitarfélög landsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Jafnframt tekur Reykjavíkurborg undir nauðsyn þess að miða grundvöll jöfnunarframlaga til sveitarfélags við fulla nýtingu álagningarhlutfalls útsvars þess, sbr. a. lið 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Að mati Reykjavíkurborgar stuðla breytingar þessarar að réttlátari úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Reykjavíkurborg telur þó að ákveðin atriði frumvarpsins þarfnast frekari skoðunar eða breytinga til að tryggja betur jafnræði og hagsmuni sveitarfélaga.

Með vísan til þessa leggur Reykjavíkurborg sérstaka áherslu á eftirfarandi en að öðru leyti og um nánari rökstuðning er vísað til fyrri umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarpið, dags. 5. mars 2025:

- **Reykjavíkurborg á að hafa sama möguleika og önnur sveitarfélög að fá framlög vegna grunnskóla (10. gr.).** Reykjavíkurborg telur ekki unnt að réttlæta fyrirfram útilokun sveitarfélagsins frá framlögum vegna reksturs grunnskóla. Reykjavík er eina sveitarfélag landsins með yfir 70.000 íbúa og því það eina sem undanskilið er frá framlögum með vísan til íbúafjölda. Útgjaldaþörf Reykjavíkurborgar í grunnskólamálum hefur aukist verulega frá yfirfærslu grunnskólans frá íslenska ríkinu til sveitarfélaga árið 1996 og upphafleg forsenda um „núllstillingu“ útsvarsstofns Reykjavíkurborgar er ekki lengur raunhæf. Að mati Reykjavíkurborgar er rétt að tryggja Reykjavíkurborg möguleika á að hljóta tilvitnuð framlög til jafns við önnur sveitarfélög landsins með því að fella út 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Jafnframt telur Reykjavíkurborg nauðsynlegt að í náinni framtíð fari fram heildarendurskoðun á jöfnunarframlagi um rekstur grunnskóla og í því samhengi komi til endurskoðunar hlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af útsvarstekjum vegna rekstrar grunnskóla, sbr. 1. tölul. c. liðar 2. gr. frumvarpsins.
- **Nánari rökstuðningur fyrir höfuðstaðarframlagi til Reykjavíkurborgar (3. mgr. 6. gr.).** Til viðbótar við umfjöllun í greinargerð með frumvarpi laganna um þá þjónustu er Reykjavíkurborg veitir umfram önnur sveitarfélög landsins þá er rétt að benda á að Reykjavíkurborg á langflestar félagslegar leiguíbúðir á landinu. Einnig tekur Reykjavíkurborg á móti stórum hópi fólks með flóknar þjónustuparfir frá öðrum sveitarfélögum, s.s. heimilislausum einstaklingum sem nýta sér þjónustu gistiskýla borgarinnar. Mikill fjöldi einstaklinga sem fengið hafa alþjóðlega vernd býr í Reykjavík og þarf sá hópur mjög oft umfangsmikla þjónustu. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum kostnað vegna þessarar þjónustu í tvö ár en ljóst er að í mörgum tilvikum þarf að veita þjónustuna lengur og í þeim tilvikum er því ekki um framlög frá ríkinu að ræða. Þá ber Reykjavíkurborg kostnað vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu fyrir aldraðra erlendra ríkisborgara



Reykjavík



sem ekki uppfylla skilyrði fyrir viðbótarstuðningi samkvæmt lögum nr. 74/2020 félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

- **Tryggja þarf samræmi við löggjöf um þjónustu við fatlað fólk (11. gr.).** Eigi að veita framlög úr Jöfnunarsjóði eingöngu á grundvelli samræmds mats (SIS-mat), líkt og lagt er til í 11. gr. frumvarpsins, þarf samhliða að gera breytingu á lögum nr. 38/2018 um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem skylda sveitarfélaga til að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt þeim lögum er ekki bundin við SIS-mat. Verði ekki gerð slík breyting á lögum nr. 38/2018 um skyldu til að veita þjónustu má gera ráð fyrir að sveitarfélög veiti slíka þjónustu án nauðsynlegra fjárframlaga frá Jöfnunarsjóði sem er óásættanlegt og var aldrei ætlunin þegar málaflokkur fatlaðs fólks var færður til sveitarfélaga frá íslenska ríkinu. Eigi ekki að gera samhliða breytingu á skyldum sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 38/2018 verður í það minnsta að mæla fyrir um framlög til bráðabirgða til sveitarfélaga þar til SIS-mat liggja fyrir eða annað sambærilegt mat sem lagt yrði til grundvallar. Reykjavíkurborg leggur því annaðhvort til þær breytingar á frumvarpi laganna að skylda til að veita þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 verði bundin við SIS-mat eða annað sambærilegt mat sem framkvæmt er af viðurkenndum aðilum og mælt verði fyrir um framlög til bráðabirgða úr Jöfnunarsjóði handa sveitarfélögum vegna þjónustu við viðkomandi einstakling þar til slíkt mat liggja fyrir.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar auk þess sem fulltrúar Reykjavíkurborgar munu koma fyrir þingnefnd, ef þess er óskað, til að gera frekar grein fyrir því sem fram kemur í umsögninni.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Ebba Schram
borgarlögmaður



Reykjavík